



230 Kaskótrygging ökutækja

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

1. Löggjöf og skilgreiningar.

- 1.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, váttryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem váttryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög nr. (númer) 30/2004 um váttryggingarsamninga.
- 1.2 Í skilmálum þessum hafa eftirtalin hugtök eftirfarandi merkingu:
 - a. **félagið**, TM tryggingar hf.,
 - b. **váttryggingatburður**, atvik sem samkvæmt váttryggingunni veldur því að til greiðslu bóta getur komið,
 - c. **váttryggingartaki**, sá sem gerir váttryggingarsamninginn við félagið,
 - d. **váttrygður**, sá sem samkvæmt váttryggingunni á rétt á að krefjast bóta.

2. Ábyrgðartími. Endurnýjun og uppsögn við endurnýjun.

- 2.1 Ábyrgð félagsins hefst á því tímamarki sem tilgreint er sem upphaf váttryggingartímabils í váttryggingar- eða endurnýjunarskírteini og lýkur á því tímamarki sem tilgreint er sem lok váttryggingartímabils nema að váttryggingin hafi áður fallið niður samkvæmt heimild í lögum eða skilmálum þessum.
- 2.2 Þegar váttryggingartímabilinu lýkur framlengist váttryggingin um eitt ár í senn nema váttryggingartaki hafi sagt henni upp innan mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils skv. (samkvæmt) gr. (grein) 2.1. Ekki er þó skylt að tilkynna uppsögn fyrir en tvær vikur eru til loka tímabilsins.
- 2.3 Sé váttryggingin tekin vegna atvinnurekstrar og umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemin fer að mestu leyti fram erlendis skal uppsögn við endurnýjun ávallt hafa borist félaginu í síðasta lagi einum mánuði fyrir lok tímabilsins.
- 2.4 Váttryggingin og ábyrgð félagsins fellur niður við það tímamark sem ökutækið er afskráð í ökutækjaskrá Samgöngustofu.

3. Greiðsla iðgjalds.

- 3.1 Iðgjald váttryggingar fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist og við endurnýjun hennar á þeim gjalddaga sem þá er tilgreindur. Félagið sendir váttryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send.
- 3.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur, skv. gr. 3.1 er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun, þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga, ella fellur váttryggingin niður sé iðgjaldið þá enn ógreitt.
- 3.3 Hafi váttryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur, skv. gr. 3.2, rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.
- 3.4 Hafi váttrygging verið tekin með einhliða yfirlýsingu váttryggingartaka er greiðslufrestur sjö dagar hið skemmsta frá þeim degi er greiðslu var krafist. Hafi iðgjaldið ekki verið greitt við það tímamark er félaginu heimilt að fella váttrygginguna niður án frekari tilkynninga enda hafi félagið upplýst váttryggingartaka, er greiðslu var krafist, að það mundi nýta sér rétt sinn til niðurfellingar.
- 3.5 Krafa um greiðslu iðgjalds er send í netbanka váttryggingartaka nema váttryggingartaki hafi samið við félagið um annan greiðsluhátt.
- 3.6 Falli váttrygging niður, skv. gr. 3.2 eða gr. 3.4 fer um uppgjör iðgjalds skv. 6. gr. skilmála.
- 3.7 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

4. Uppsagnarréttur váttryggingartaka.

- 4.1 Váttryggingartaki getur á váttryggingartímabilinu sagt upp váttryggingarsamningi sem endurnýjast sjálfkrafa ef hann hefur ekki lengur þörf fyrir váttrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn, sbr. (samanber) 2. mgr. 14. gr. laga um váttryggingarsamninga.
- 4.2 Ef váttryggingartaki hyggst flytja váttrygginguna til annars félags á váttryggingartímabilinu getur hann sagt upp váttryggingarsamningi sem endurnýjast sjálfkrafa. Váttryggingartaki skal tilkynna félaginu um uppsögn með mánaðar fyrirvara og miðast uppsögnin við næstu mánaðamót þar á eftir og skal uppsögnin bera með sér til hvaða váttryggingafélags er verið að flytja váttrygginguna og frá hvaða tíma.
- 4.3 Sé váttryggingin tekin vegna atvinnurekstrar og umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemin fer að mestu leyti fram erlendis getur váttryggingartaki ekki sagt váttryggingarsamningi upp á váttryggingartímabilinu til að flytja váttrygginguna til annars félags.



230 Kaskótrygging ökutækja

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

5. Sérstakur uppsagnarréttur félagsins.

5.1. Félagið hefur rétt til þess að segja váttryggingunni upp verði þrjú bótaskyld tjón á 18 mánaða tímabili. Uppsögn skal fara fram með sannanlegum hætti án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem veita því rétt til uppsagnar. Félaginu er skylt að endurgreiða iðgjald fyrir þann tíma sem eftir er af váttryggingartímabilinu. Um uppgjör iðgjalds fer þá eftir 6. gr. í skilmála þessum.

6. Uppgjör á iðgjaldi þegar váttryggingin fellur úr gildi á váttryggingartímabilinu.

6.1 Falli váttryggingin úr gildi á váttryggingartímabilinu skal váttryggingartaki greiða iðgjald fyrir það tímabil sem váttryggingin var í gildi í hlutfalli við það sem eftir er af váttryggingartímabilinu. Félagið endurgreiðir iðgjald samkvæmt sömu hlutfallsreglu fyrir þann tíma sem greitt hefur verið fyrir og váttryggingin var ekki í gildi. Þessi regla gildir ekki þegar iðgjald ákvarðast eftir árstíðabundinni áhættu og þess getið í váttryggingarskírteini að um árstíðabundið iðgjald er að ræða og gildir þá gr. 6.2.

6.2 Falli váttryggingin úr gildi á váttryggingartímabilinu vegna ökutækis þar sem iðgjald ákvarðast eftir árstíðabundinni áhættu, enda sé þess getið í váttryggingarskírteini að iðgjald sé árstíðabundið, skal váttryggingartaki greiða iðgjald miðað við það samanlagða hlutfall ársiðgjalds sem tilgreint er í töflunni hér að neðan fyrir það tímabil sem váttryggingin var í gildi, en flokkur ökutækis sem ökutækið fellur undir er tilgreindur í váttryggingarskírteini. Félagið endurgreiðir iðgjald samkvæmt sömu reglu fyrir þann tíma sem greitt hefur verið fyrir og váttryggingin var ekki í gildi.

Mánuður	Flokkur 1 (t.d. vélsleðar)	Flokkur 2 (t.d. mótörhjól)	Flokkur 3 (t.d. fjórhjól)	Flokkur 4 (t.d. fornbílar)	Flokkur 5 (t.d. húsbílar)
janúar	14%	2%	2%	4%	3%
febrúar	23%	2%	4%	4%	3%
mars	23%	3%	4%	5%	5%
apríl	15%	6%	4%	10%	7%
maí	8%	14%	4%	12%	12%
júní	2%	16%	13%	14%	20%
júlí	2%	16%	17%	14%	20%
ágúst	2%	16%	17%	12%	12%
september	2%	14%	22%	12%	7%
október	2%	6%	9%	5%	5%
nóvember	2%	3%	2%	4%	3%
desember	5%	2%	2%	4%	3%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%

6.3 Greiði félagið bætur fyrir algert tjón lýkur váttryggingunni þegar gengið er frá tjónsuppgjöri svo fremi að váttryggingin hafi ekki fallið niður áður af öðrum ástæðum. Váttryggingartaki á ekki rétt til endurgreiðslu ef svo stendur á.

7. Upplýsingaskylda váttryggingartaka og váttryggðs og afleiðingar vanrækslu á upplýsingagjöf.

7.1 Við gerð eða endurnýjun váttryggingarinnar getur félagið óskað eftir upplýsingum um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættu. Váttryggingartaki eða eftir atvikum váttryggður skal veita rétt og tæmandi svör við spurningum félagsins. Váttryggingartaki, og eftir atvikum váttryggður, skal einnig að eigin frumkvæði veita upplýsingar um sérstök atvik sem hann veit, eða má vita, að hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu.

7.2 Nú verður félaginu ljóst að þær upplýsingar sem það hefur fengið um áhættuna eru rangar eða ófullnægjandi svo verulegu nemi og getur það þá sagt váttryggingunni upp með 14 daga fyrirvara sbr. 21. gr. váttryggingarsamningalaga. Hafi upplýsingaskylda samkvæmt gr. 7.1 verið vanrækt með sviksamlegum hætti getur félagið slitið váttryggingunni, svo og öðrum váttryggingarsamningum sem það hefur gert við váttryggingartaka, án fyrirvara.

7.3 Hafi váttryggingaratburður orðið og upplýsingaskylda samkvæmt gr. 7.1 verið vanrækt með sviksamlegum hætti ber félagið ekki ábyrgð. Hafi váttryggingaratburður orðið og upplýsingaskylda samkvæmt gr. 7.1 verið vanrækt með slíkum hætti svo ekki telst óverulegt er félaginu heimilt að fella niður ábyrgð í heild eða hluta sbr. 20. gr. váttryggingarsamningalaga.



230 Kaskótrygging ökutækja

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- 7.4 Vátryggður skal við uppgjör bóta veita félaginu þær upplýsingar og þau gögn sem hann hefur undir höndum og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur.
- 7.5 Veiti vátryggður rangar eða ófullnægjandi upplýsingar af ásetningi sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til, fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við vátryggðan með viku fyrirvara. Sé háttsemi vátryggðs ekki alvarleg, hún varðar aðeins lítinn hluta kröfu hans eða sérstakar ástæður mæla með getur hann þó fengið bætur að hluta sbr. 47. gr. laga um vátryggingarsamninga.
- 7.6 Nú er vátryggingarsamningi slitið samkvæmt þessu ákvæði og greiðist iðgjald fyrir það tímabil sem vátryggingin var í gildi. Um uppgjör iðgjalds fer þá eftir 6. gr. í skilmála þessum.
- 8. Ráðstafanir vegna tjóns eða til að koma í veg fyrir tjón. Tilkynning um vátryggingaratburð.**
- 8.1 Þegar vátryggingaratburður er yfirvofandi eða hafinn skal vátryggður gera eðlilegar ráðstafanir til þess að afstýra tjóni eða draga úr því.
- 8.2 Hafi vátryggður gripið til sérstakra og réttlætanagera ráðstafana til að koma í veg fyrir eða takmarka tjón sem fellur undir vátrygginguna og verður fyrir tjóni eða kostnaði vegna þeirra ráðstafana, ber félagið ábyrgð á því sbr. 38. gr. laga um vátryggingarsamninga.
- 8.3 Þegar vátryggingaratburður er orðinn skal vátryggður tafarlaust tilkynna félaginu um atvikið. Auk tilkynningar til félagsins skal jafnframt tilkynna lögreglu tafarlaust um innbrot, þjófnað, skemmdarverk og rán með ósk um rannsókn.
- 8.4 Svo unnt sé að taka ákvörðun um bótaskyldu úr vátryggingunni og umfang hennar eða vegna endurkröfu skal vátryggður varðveita og veita félaginu aðgang að hljóð- og myndupptökum og hvers kyns rafrænum upplýsingum sem skráð eru í tölvubúnaði ökutækis eða aukabúnaði þess.
- 8.5 Vanræksla á skyldum vátryggðs, skv. gr. 8.1, 8.3 og 8.4. getur varðað lækkun eða missi bóta skv. 28. gr. laga um vátryggingarsamninga.
- 9. Hið vátryggða.**
- 9.1 Vátryggingin nær til ökutækis þess, sem tilgreint er í vátryggingar- eða endurnýjunarskírteini.
- 9.2 Vátryggingin tekur ekki til aukabúnaðar ökutækisins, svo sem fjarskipta- eða staðsetningartækja, skíðaboga og lausra farangursgrinda, vörulyfta og krana vörubifreiða, nema um annað sé samið og þess getið í vátryggingarskírteini.
- 10. Þeir sem vátryggðir eru.**
- 10.1 Vátryggingartaki er vátryggður.
- 10.2 Vátryggingin er ekki til hagsbóta fyrir aðra aðila, svo sem réttthafa að þinglýstum eignarrétti, veðrétti eða öðrum skráðum eða óskráðum eignarréttindum í ökutækinu nema sérstaklega hafi verið samið um annað. Vátryggingin er heldur ekki til hagsbóta fyrir nýjan eiganda og fellur hún niður við eigendaskipti. Vátryggingin gildir þó fyrir nýjan eiganda, ef vátryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum og nýi eigandinn hefur ekki sjálfur tekið vátryggingu.
- 10.3 Vátryggingartaki má ekki án samþykkis félagsins framselja eða veðsetja réttindi sín samkvæmt vátryggingarsamningnum.
- 11. Landfræðileg mörk vátryggingarinnar.**
- 11.1 Vátryggingin gildir á Íslandi.
- 11.2 Ennfremur gildir vátryggingin í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins (EES), Bretlandi, Færeyjum og Sviss með þeim takmörkunum að skemmdir vegna þjófnaðar, tilraun til þjófnaðar, skemmdarverk eða þjófnaður á ökutækinu eða einstökum hlutum þess bætist ekki. Gildistími erlendis er í allt að 90 daga frá þeim degi talið sem ökutækið er flutt frá Íslandi. Vátryggingin gildir ekki annars staðar í Evrópu eða í löndum utan Evrópu nema með samþykki félagsins.
- 11.3 Vátryggingin gildir þegar ökutækið er flutt með flutningaskipi milli þeirra landa sem falla undir landfræðileg mörk vátryggingarinnar í allt að 90 daga frá þeim degi sem ökutækið er flutt frá Íslandi enda sé um árstyngingu að ræða.

230 Kaskótrygging ökutækja

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

12. Það sem vátryggingin bætir.

- 12.1 Vátryggingin bætir skemmdir á hinu vátryggða ökutæki sem verða með skyndilegum og óvæntum hætti af völdum:
- áaksturs,
 - áreksturs við annað farartæki,
 - aur- eða vatnsflóðs,
 - eldingar,
 - eldsvoða (stjórnaus logandi eldur í talsverðu magni) og sprengingar sem stafar af honum,
 - flutnings ökutækisins með öðru flutningstæki á landi eða flutings á sjó með flutingaskipi,
 - foks, þegar ökutækið fýkur eða ef vélarhlíf, skottlok eða hurðir fjúka upp,
 - grjóthruns,
 - hesta, hreindýra, nautgripa og sauðfjár utan afgirts beitarsvæðis,
 - óveðurs, enda hafi vindhraði hviða náð 28,5 metrum á sekúndu. Við mat á vindhraða skal lögð til grundvallar mæling Veðurstofu Íslands. Séu ekki áánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað þegar tjónið varð skal hafa til hliðsjónar hvort almennt eignartjón hafi orðið á svæðinu,
 - skemmdarverka,
 - skriðufalls,
 - snjóflóðs úr fjallshlíð,
 - útafaksturs eða hraps ökutækisins,
 - vatns, sem kemur úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum húsnæðis þar sem hið vátryggða er til geymslu,
 - veltu,
 - þjófnaðar eða tilraunar til þjófnaðar á ökutækinu eða hlutum þess.
- 12.2 Vátryggingin bætir skemmdir á undirvagni ökutækis, hjólbörðum og felgum er hljótast af því að ökutækið rekst niður í akstri, ekið er í holu, grjót á vegi eða þegar laust grjót hrekkur upp undir ökutækið. Með undirvagni er hér átt við allt neðra byrði ökutækis og þann vél- og rafbúnað ökutækisins sem þar er staðsettur, þar með talið rafhlöðu. Auk þess bætast skemmdir á undirvagni sem rekja má til vatnssöfnunar á bundnu slitlagi.
- 12.3 Vátrygging greiðir bætur hafi ökutækinu eða hlutum þess verið stolið og það hefur ekki fundist innan fjögurra vikna frá því að félaginu og lögreglu var tilkynnt um atburðinn.
- 12.4 Félagið bætir skemmdir er verða við það að pallur vörubifreiðar fer af eða á hliðina, þá er honum er lyft, hvort sem ökutækið sjálft veltur eða ekki.

13. Það sem vátrygging bætir ekki.

- 13.1 Vátryggingin bætir ekki:
- skemmdir sem rekja má til að sandur, mól, aska, vikur eða önnur jarðefni fjúka á ökutækið,
 - skemmdir á undirvagni, hjólbörðum og felgum sem rekja má til aksturs á F-merktum vegum eða slóðum eða þegar ekið er utan vega,
 - skemmdir á undirvagni, hjólbörðum og felgum sem eru vegna minni háttar ákomu. Með minni háttar ákomu er átt við stakar rispur eða núningssmerki og ekki verður formbreyting sem rýrir notagildi ökutækis,
 - skemmdir á yfirborði ökutækisins, öðru en undirvagni sbr. gr. 12.2, vegna grjótkasts, þegar laus grjót skjótast eða hrökkva á ökutækið frá því sjálfu eða frá öðru ökutæki,
 - skemmdir sem verða í kappakstri, aksturskeppni eða æfinga fyrir aksturskeppni,
 - skemmdir sem rekja má til hvers konar bilunar eða galla í hlutum ökutækisins, þó bætast skemmdir sem hljótast af þessum orsökum á öðrum hlutum ökutækisins ef um áakstur, árekstur, útafakstur eða veltu er að ræða,
 - skemmdir vegna sjóbleytu við sjóflutning ökutækisins,
 - skemmdir á rafbúnaði ökutækisins er hljótast af skammhlaupi sem ekki er eldsvoði,
 - skemmdir vegna þess að vél ökutækisins bræðir úr sér,
 - skemmdir á máluðum auglýsingum og sérmerkingum.
- 13.2 Vátryggingin bætir hvorki skemmdir eða flutningskostnað sem verður þegar ekið er annars staðar en á vegum landsins svo sem um tún eða engi, á snjósköflum, á ís, yfir óbrúaðar ár eða læki, um fjörur, forvað, í sjó, um stíga, vegatroðninga eða aðrar vegleysur. Takmörkunin gildir ekki um torfærutæki, dráttarvélar, sérútbúna



230 Kaskótrygging ökutækja

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

jeppa og torfærubifreiðar. Skemmdir vegna vatns þegar ekið er yfir óbrúaðar ár eða læki, um fjörur, forvað, vötn eða sjó bætast þó ekki.

14. Almennar takmarkanir á gildissviði váttryggingar.

14.1 Váttryggingin tekur ekki til tjóns sem beint eða óbeint er að rekja til:

- hvers konar ófriðaráttaka, svo sem hernaðaráttaka eða hernaðaraðgerða, borgaraátaka eða óeirða,
- hvers konar hryðjuverka. Með hryðjuverkum er átt við hvers konar verknað, þar með talið en ekki takmarkað við valdbeitingu eða ofbeldi og/eða hótun um slíkt, af hálfu einstaklings eða hóps einstaklinga, hvort sem hann eða þeir starfi einir eða af hálfu eða í tengslum við ein eða fleiri samtök eða stjórnvöld og sem framin er í stjórnmalalegum (pólítískum) eða trúarlegum tilgangi, í hugsjónatilgangi eða í þjóðernislegum tilgangi eða af slíkum ástæðum, þar með talið í því markmiði að hafa áhrif á stjórnvöld og/eða vekja ótta hjá almenningi eða hluta almennings. Takmörkunin nær einnig til hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þar með talið vegna sýkla og veira sem hljótast af völdum hryðjuverka,
- kjarnorku, jónandi geislunar eða geislavirkra efna,
- náttúruhamfara, svo sem eldgoss, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða, sbr. þó þeir atburðir sem tilgreind eru sérstaklega í c-, l- og m-lið í gr. 12.1,
- farsóttar eða smitsjúkdóms af hvaða tagi sem er,
- notkunar eða starfrækslu hvers kyns tölva, tölvukerfa, tölvuhugbúnaðar, spillikóða, tölvuvírusa, tölvuvinnslu eða hvers kyns rafeindakerfa í þeim tilvikum þegar tilgangur notkunarinnar eða starfrækslunnar er að valda tjóni.

15. Frestur til að tilkynna um tjón. Fyrning.

- 15.1 Váttryggður glatar rétti til bóta ef hann tilkynnir ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á.
- 15.2 Krafa váttryggðs um bætur fyrnist samkvæmt reglum 52. gr. laga um váttryggingarsamninga.

16. Varúðarreglur.

- 16.1 Váttryggður og hver sá sem notar ökutækið skal gæta þess að ökutækið sé í lögmæltu ástandi. Sérstaklega skal þess gætt að stýrisbúnaður, hemlar, hjólbarðar og ljósabúnaður ökutækis sé í lögmæltu ástandi og virki örugglega. Þá skal váttryggður sjá til þess að ökutækið sé fært til aðalskoðunar í samræmi við kröfur laga og reglna þar um.
- 16.2 Váttryggðu ökutæki skal einungis ekið af þeim sem hefur tilskilin réttindi til að aka því og hefur til þess hæfni og kunnáttu.
- 16.3 Váttryggður og hver sá sem ekur hinu váttryggða ökutæki skal vera líkamlega og andlega fær um að stjórna því og ekki undir áhrifum áfengis, ávana- og fíkniefna eða lyfja.
- 16.4 Váttryggður og hvers sá sem ekur hinu váttryggða ökutæki skal ekki nota farsíma, snjalltæki eða önnur raftæki sem truflað geta aksturinn án handfjáls búnaðar.
- 16.5 Ekki skal aka ökutækinu á svæðum þar sem varað hefur verið við akstri vegna óveðurs, akstursskilyrða eða þar sem vindstyrkur mælist yfir 24,5 m/s (meðalvindhraði) samkvæmt mælingum Veðurstofu Íslands.
- 16.6 Þegar enginn er í hinu váttryggða ökutæki skal því læst og gluggar og önnur op skulu vera tryggilega lokað. Lyklar eða annar búnaður sem veitir aðgang að ökutækinu skal geymdur á öruggum stað til að hindra að þeir komist í hendur óviðkomandi aðila.
- 16.7 Brot gegn varúðarreglum getur leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta skv. 26. gr. laga um váttryggingarsamninga.

17. Váttryggður veldur váttryggingaratburði af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

- 17.1 Valdi váttryggður tjóni af ásetningi ber félagið enga ábyrgð á tjóninu. Hafi hann valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi, er félagið laust úr ábyrgð í heild eða að hluta, sbr. 27. gr. váttryggingarsamningalaga.

18. Háttsemi annarra einstaklinga en váttryggðs. Áhrif á bótarétt váttryggðs.

- 18.1 Hafi váttryggingaratburður orðið og stjórnandi ökutækisins, sem með samþykki váttryggðs er ábyrgur fyrir ökutækinu, valdið tjóninu af ásetningi, stórkostlegu gáleysi eða brotið gegn varúðarreglum sem um váttrygginguna gilda, er félaginu heimilt, eins og lög leyfa, að skerða eða fella niður bætur til váttryggðs.



230 Kaskótrygging ökutækja

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

18.2 Stundi váttryggður atvinnustarfsemi er félaginu heimilt að lækka eða fella niður bætur til hans hafi stjórnandi ökutækisins valdið tjóninu af ásetningi, stórkostlegu gáleysi eða brotið gegn varúðarreglum sem um váttrygginguna gilda.

19. Breyting á áhættu.

19.1 Iðgjald fyrir váttrygginguna tekur meðal annars mið af því hver notkun hins váttryggða ökutækis er samkvæmt því sem skráð er í váttryggingarskírteini og búsetu váttryggingartaka.

19.2 Váttryggingartaki skal tilkynna félaginu tafarlaust ef hann flytur búferlum. Váttryggingartaki skal tilkynna allar breytingar á ökutækinu eða notkun þess er haft geta í för með sér breytingu á áhættu, svo sem notkun sérstakra tækja og búnaðar.

19.3 Ef váttryggt ökutæki er leigt án ökumanns með milligöngu einkaleigu, sbr. lög nr. 65/2015 um leigu skáningarskyldra ökutækja og reglugerð nr. 840/2015 um sama efni, skal félaginu tilkynnt slíkt án tafar, enda ákvarðast iðgjaldið og eigin áhætta váttryggingartaka í samræmi við hina breyttu notkun eins og nánar greinir í iðgjaldaskrá.

19.4 Vanræki váttryggingartaki tilkynningarskyldu sína samkvæmt gr. 19.1-19.3 og verði tjón af völdum hinnar breyttu áhættu lækka bætur að tiltölu miðað við þá iðgjaldshækkun sem félagið hefði áskilið sér vegna áhættubreytingarinnar og, eftir atvikum, að teknu tilliti til breyttrar eigin áhættu váttryggingartaka samkvæmt gr. 19.3.

20. Váttryggingarfjárhæð og váttryggingarverðmæti. Eigin áhætta.

20.1 Váttryggingarverðmæti ökutækisins er ávallt markaðsvirði þess, en það er sú fjárhæð sem sambærilegt ökutæki að tegund, aldri eða gæðum kostaði á almennum markaði á tjónsdegi miðað við staðgreiðslu. Verði ökutæki fyrir fleiri en einu tjóni á sama váttryggingartímabili skal fjárhæð bóta ekki fara fram úr verðmæti ökutækisins í upphafi váttryggingartímabilsins. Váttryggingarfjárhæð, sem tilgreind er í váttryggingar- eða endurnýjunarskírteini, skal þó ætíð vera sú hámarksfjárhæð sem greidd er í bætur á hverju váttryggingartímabili.

20.2 Váttryggingnarfjárhæð vegna flutningskostnaðar, sbr. 24. gr., er tilgreind á váttryggingar- eða endurnýjunarskírteini.

20.3 Af hverju tjóni ber váttryggingartaki eigin áhættu eins og getið er í gildandi váttryggingar- eða endurnýjunarskírteini.

21. Algert tjón.

21.1 Félagið greiðir bætur fyrir algert tjón, ef:

- ökutækið verður fyrir svo miklum skemmdum að félagið álitur, að teknu tilliti til váttryggingarverðmætis þess, sbr. gr. 20.1, að ekki borgi sig að gera við það,
- ökutækinu er stolið og það hefur ekki fundist innan fjögurra vikna frá því að félaginu eða lögreglu var tilkynnt um atburðinn.

21.2 Verði algert tjón getur félagið valið hvort það bæti tjónið með því að:

- greiða markaðsvirði ökutækisins (gegn staðgreiðslu) þó að hámarki váttryggingarfjárhæðina, sbr. 20. gr. eða,
- afhenda í stað hins váttryggða ökutækis annað ökutæki sömu tegundar og af sambærilegri gerð, aldri og gæðum, en sé slíkt ekki unnt að öllu leyti skal félagið einnig bæta með peningum markaðsvirði hins váttryggða ökutækis að frádregnu markaðsvirði hins afhenta ökutækis.

21.3 Við uppgjör skv. gr. 21.1 getur félagið krafist afsals fyrir hinu váttryggða ökutæki.

22. Viðgerðarkostnaður.

22.1 Skemmist ökutækið án þess að skilyrði 21. gr. séu fyrir hendi greiðir félagið kostnað við að gera ökutækið, að svo miklu leyti sem unnt er, eins og það var fyrir tjónið.



230 Kaskótrygging ökutækja

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- 22.2 Félagið greiðir ekki bætur vegna:
- óbeins tjóns,
 - lækkunar á markaðsvirði ökutækis hvort heldur sem greitt hefur verið fyrir viðgerð eða áætlaðan viðgerðarkostnað,
 - aukaútgjalda vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma við viðgerð eða aukakostnaðar vegna sérpantana á varahlutum,
 - skemmda á einstökum hlutum ökutækisins sem eru skemmdir fyrir þegar vátryggingaratburður verður, svo sem vegna slits, ónógs viðhalds eða eldra tjóns,
 - þess að naðusynlegt reynist að framkvæma viðgerð að nýju að einhverju eða öllu leyti vegna ófaglegrar, ófullnægjandi eða gallaðrar viðgerðar.
- 22.3 Félagið hefur rétt til að greiða annað hvort viðgerðarkostnað eða bætur fyrir áætlaðan viðgerðarkostnað. Mat á viðgerðarkostnaði skal fara fram á bifreiðaverkstæði, sem hefur starfsleyfi lögum samkvæmt. Félaginu er ekki skylt að greiða bætur fyrir viðgerð sem hafin er án samþykkis þess. Náist ekki samkomulag um umfang tjóns skal dómkveðja matsmann til starfans.
- 23. Kostnaður vegna afnotamissis.**
- 23.1 Félagið greiðir bætur vegna útlagðan kostnað við leigu á bílaleigubifreið í minnsta stærðarflokki (t.d. Toyota Aygo, Fiat Panda, Volkswagen Up), í allt að fimm daga á meðan vátryggt ökutæki er í viðgerð vegna tjóns sem er bótaskyldt úr vátryggingunni.
- 24. Flutningskostnaður.**
- 24.1 Félagið greiðir bætur vegna kostnaðar við björgun og við flutning ökutækis til næsta viðurkennda viðgerðarverkstæðis verði ökutækið óökufært af völdum bótaskylds atburðar.
- 25. Virðisaukaskattur.**
- 25.1 Sé ökutæki í eigu rekstraraðila, sem getur nýtt greiddan virðisaukaskatt vegna ökutækisins sem innskatt í rekstri sínum, bætir félagið ekki þann hluta tjóns sem nemur virðisaukaskatti, hvort sem um er að ræða bætur fyrir algert tjón, viðgerð, afnotamissi eða flutning.
- 26. Krafa um bætur. Vextir af bótafjárhæð.**
- 26.1 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga sem þörf var á til að meta vátryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Vátryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 50. gr. laga um vátryggingarsamninga.
- 27. Gjaldmiðill.**
- 27.1 Nema annað leiði af lögum eða samið um sérstaklega eru allar fjárhæðir er varða vátryggingarsamning þennan í íslenskum krónum (ISK).
- 28. Skuldajöfnun.**
- 28.1 Félagið hefur heimild til að skuldajafna vangoldnum iðgjöldum gegn vátryggingarbótum sem því ber að greiða, sbr. 49. gr. laga um vátryggingarsamninga.
- 29. Endurkröfuréttur.**
- 29.1 Eigi vátryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns ber vátryggðum að gera ráðstafanir til að tryggja endurgreiðslu félagsins og öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt vátryggðum bætur. Vanræksla á skyldum vátryggðs skv. getur valdið skerðingu eða missi vátryggingarverndar eftir lögum um vátryggingarsamninga.
- 30. Meðferð ágreiningsmála. Varnarþing.**
- 30.1 Ágreiningi varðandi bótaskyldu félagsins og öðrum ágreiningi er varðar ákvæði laga um vátryggingarsamninga má skjóta til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum í samræmi við samþykktir nefndarinnar hverju sinni. Nánari upplýsingar um nefndina og málskot til hennar má nálgast á nefndir.is og hjá félaginu.
- 30.2 Þrátt fyrir úrræði gr. 30.1 er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla, sem skera skulu úr ágreiningi samkvæmt íslenskum lögum nema annað leiði af þjóðréttarsamningum sem Ísland er bundið af.



230 Kaskótrygging ökutækja

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

30.3 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af váttryggingunni á heimilisvarnarþingi váttryggingartaka.

Skráning í tjónagrunn Creditinfo Lánstrausts hf.

Tjón sem tilkynnt eru til váttryggingafélaga eru skráð í sérstakan tjónagrunn sem rekinn er af Creditinfo Lánstrausts hf. samkvæmt samningi við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) sem félagið á aðild að og samkvæmt heimild Persónuverndar. Félagið telst ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 vegna skráningar þess á upplýsingum í grunninn og uppflettingum sem framkvæmdar eru á vegum þess. Tilgangur með skráningu í tjónagrunninn er að stemma stigu við váttryggingarsvikum og ofgreiðslu váttryggingabóta. Skráðar eru upplýsingar um kennitölu tjónþola, tjónsnúmer, tegund váttryggingar og tjóns, dagsetning tjóns og skráningar, staðsetning tjóns og eftir atvikum einkvæmt númer hins váttryggða, s.s. skráningarnúmer ökutækis. Við skráningu tjóns fær félagið yfirlit yfir öll tjón sem tjónþoli hefur tilkynnt óháð félagi og skráð hafa verið í tjónagrunninn. Eingöngu starfsmenn félagsins sem skrá tjón og vinna að tjónauppgjöri hafa aðgang að tjónagrunninum. Upplýsingum skal eytt úr tjónagrunni þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar 10 ár eru frá skráningu upplýsinganna.

Skilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2025